

Föstudaginn 6. júní 1958.

Nr. 167/1957. **Sigurlaug Lárusdóttir**

(Lárus Jóhannesson hrl.)

gegn

Skuldheimtumönnum í dánarbúi Péturs H. Lárussonar, þeim Grími Valdimarssyni, Finnboga Jónassyni, Vigfúsi Þ. Jónssyni, Útibúi Búnaðarbanka Íslands, Akureyri, Sameinuðu verksmiðjuafgreiðslunni, Reykjavík og Herði Ólafssyni (Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Séreign maka. Skiptaréttarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. október 1957. Hefur hún fengið gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 3. febrúar 1958. Hún krefst þess, að bókasafn það, sem í málinu greinir, og íbúðin á Skipagötu 1, Akureyri, verði dæmd séreign hennar og því eigi tekin undir skipti á dánarbúi manns hennar. Hún krefst og, að stefndu verði dæmt að greiða henni in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og að skipuðum talsmanni hennar fyrir Hæstarétti verði dæmd málssóknarlaun eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um húsmuni hefur eigi verið áfrýjað.

Áfrýjandi hefur eigi leitt sönnur að því, að bókasafnið sé séreign hennar. Ber því að staðfesta ákvæði úrskurðarins um, að það komi til skipta í dánarbúi Péturs H. Lárussonar.

Áfrýjandi hlaut stórfé í arf eftir foreldra sína á árunum 1919 og 1921. Varð fé þetta séreign hennar samkvæmt kaupmála þeirra hjóna frá 29. september 1920 og þinglesnum 30. s. m. Hún hafði því miklu meiri fjárráð en maður hennar, þótt hann hlyti nokkurn arf eftir föður sinn 1936. Gild rök styðja þá frásögn hennar, að húskaup hennar á Akureyri 1927 hafi verið gerð fyrir séreignarfé hennar, enda var húsinu þinglýst á hennar nafn. Engin efni eru til að véfengja þá frásögn hennar, að íbúðin í húsinu nr. 1 við Skipagötu sé keypt fyrir séreignarfé hennar þ. e. brunabætur fyrir hluta hennar af fyrri húseign hennar. Er áfrýjandi og þinglesinn eigandi íbúðarinnar á Skipagötu. Samkvæmt þessu verður að telja íbúð þessa séreign áfrýjanda, og ber því eigi að taka íbúðina undir skipti í dánarbúi Péturs heitins Lárussonar, sbr. 21. gr. laga nr. 3/1900.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefndu greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og hljóti áfrýjandi kr. 5.000.00 af þeim, en talsmaður hennar fyrir Hæstarétti kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Óraskað á að vera ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um, að ofangreint bókasafn skuli taka undir skipti í dánarbúi Péturs heitins Lárussonar.

Íbúðin í húsinu nr. 1 við Skipagötu, þinglýst eign áfrýjanda, Sigurlaugar Lárusdóttur, er séreign hennar og verður eigi tekin undir nefnd skipti.

Stefndu, Grímur Valdimarsson, Finnbogi Jónasson, Vigfús Þ. Jónsson, Útibú Búnaðarbanka Íslands, Akureyri, Sameinaða verksmiðjuafgreiðslan, Reykjavík, og Hörður Ólafsson, greiði in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og hljóti áfrýjandi af þeim kr. 5.000.00, en talsmaður hennar fyrir Hæstarétti, Lárus Jóhannesson hæstaréttarlögmaður, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Akureyrar 16. september 1957.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 13. þ. m., eftir að árangurslaus sáttatilaun hafði farið fram og málið hafði verið sótt og varið með venjulegum hætti. Í málinu er deilt um það, hvort réttmæt sé sú krafa sóknaraðilja, að undir skipti í dánarbúi Péturs heitins H. Lárussonar sé dregið innbú þeirra hjóna, bókasafn og íbúð í Skipagötu 1 hér í bæ. Kröfu þessari er mótmælt af varnaraðilja í öllum greinum með tilvísun til framlagðs kaupmála og annarra gagna málsins, með því að allar þessar eignir séu hennar séreign, sem eigi komi búinu við. Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Upphaf þessa máls er það, að á skiptafundi í dánarbúi Péturs H. Lárussonar 26. apríl s.l., þar sem lagt var fram endurrit af uppskriftargerð í búinu og kaupmáli milli hjónanna Péturs H. Lárussonar og Sigurlaugar Lárusdóttur, að Guðmundur Skaftason hdl. krafðist þess fyrir hönd kröfuhafanna í búinu, Gríms Valdimarssonar, Finnþoga Jónassonar, Vigfúsar Þ. Jónssonar, allra á Akureyri, og Sameinuðu verksmiðjuafgreiðslunnar, Reykjavík, Harðar Ólafssonar hdl., Reykjavík og síðar f. h. Búnaðarbanka Íslands, útibúsins á Akureyri, að dregin verði undir skiptin íbúð í Skipagötu 1 og bókasafn og innanstokksmunir hjónanna Péturs H. Lárussonar og Sigurlaugar Lárusdóttur og að uppskrift yrði gerð á eignum þessum í búinu, en samkvæmt hinni framlögðu uppskriftargerð hafði ekkert af þessu verið skrifað upp. Umboðsmaður Sigurlaugar Lárusdóttur, varnaraðilja í máli þessu, mótmælti kröfum þessum og krafðist úrskurðar um þær.

Í kaupmála milli hjónanna Péturs H. Lárussonar og Sigurlaugar Lárusdóttur, dagsettum 29. september 1920, er svo kveðið á:

- 1) Öll „innanhúsgögn“, bæði þau, er til eru, er þau setja heimili, og þau, sem síðar bætast við, skulu vera séreign konunnar.. Verðið er áætlað kr. 15.000.00,
- 2) að sama gildi um fallinn föðurarf konunnar, sem samkvæmt skiptagerningi 7. maí 1919 hafði numið kr. 25.865.86 $\frac{1}{2}$,
- 3) að væntanlegur arfur hvors hjóna um sig verði séreign þess, er arfurinn ber undir.

Nokkru síðar þetta sama haust gengu þau Pétur H. Lárusson og varnaraðili í máli þessu í hjónaband og settu bú saman í

Reykjavík. Með kaupsamningi, dagsettum 14. september 1922, keyptu þau hjón jörðina Eskiholt í Borgarhreppi og hófu þar búskap um vorið. Kaupverð jarðarinnar var 36 þúsund krónur og skyldu 14.300 krónur af því greiðast áður en afsal væri gefið. Að öðru leyti skyldi kaupandi taka að sér áhvílandi skuldir á jörðinni. Kaupsamningar og afsal fyrir jörðinni eru hvoru tveggja á nafni Péturs H. Lárussonar. Eigi að síður hefur varnaraðili haldið því fram, að jörðin og búið í Eskiholti hafi verið hennar séreign, þar sem hún hafi lagt til af arfi sínum, sem hafi verið hennar séreign, alla útborgunina í jörðina og allan kostnað við endurbætur á staðnum og við að koma upp stóru búi á jörðinni. Kveður varnaraðili mann sinn hafa veikzt af berklum skömmu eftir að þau gengu í hjónaband, svo hann hafi orðið að fara til útlanda til að leita sér lækninga og hafi hann verið með öllu eignalaus, þegar hann giftist og þegar þau keyptu Eskiholtið. Vorið 1925 seldu þau Eskiholtið, og var söluverð kr. 45.000.00. Af því voru samkvæmt skýrslu varnaraðilja greiddar kr. 23.500.00 í peningum, kaupandi gaf út veðskuldabréf til varnaraðilja, kr. 10.000.00, og yfirtók áhvílandi lán fyrir því, sem eftir var. Kveðst varnaraðili með nefndu veðskuldabréfi hafa fengið aftur fé, sem hún hafi verið búin að leggja í jörðina. Sama vorið voru áhöld búins og bústofn selt og kveður varnaraðili allt andvirðið hafa runnið til hennar.

Eftir að þau hjónin Pétur H. Lárusson og varnaraðili hættu búskap í Eskiholti, fluttu þau til Akureyrar og keyptu þar árið 1927 húseignina nr. 66 við Hafnarstræti fyrir kr. 27.000.00, sbr. dskj. nr. 4. Er afsalið gefið út á nafn varnaraðilja þessa máls. Kaupverðið var greitt þannig, að kr. 5.000.00 greiddust við afsal, en afgangurinn með því að yfirtaka reikningslán við Útibú Íslandsbanka á Akureyri. Reikningslán þetta kveður varnaraðili sig hafa greitt af séreign sinni og hafi það verið greitt upp 25. febrúar 1928, sbr. dskj. nr. 8. Allt andvirði þessa húss og allar endurbætur á því kveður varnaraðili sig hafa greitt af séreign sinni og hafi húseignin því algerlega verið hennar eign. Með skiptagerningi, dagsettum 10. desember 1921, hlotnaðist varnaraðilja arfur eftir móður sína, er látizt hafði þá um haustið, og var hann að upphæð kr. 47.038.84. Allan þennan arf svo og arfinn eftir föður sinn kveður varnaraðili sig hafa fengið útborgaðan. Samkvæmt skiptagerningi, dagsettum 12. júní 1936, sbr. dskj. nr. 24, hlotnaðist Pétri H. Lárussyni arfur að upphæð kr. 20.625.00 eftir föður sinn. Hefur varnaraðili skýrt svo frá, að til þess tíma hafi maður hennar

ar haft umboðssölu frá Skóverzlun Lárusar G. Lúðvígssonar í Reykjavík, en þegar honum hafi hlotnast arfurinn hafi hann hætt umboðssölunni og farið að verzla algerlega sjálfstætt og hafi hann þá þurft á auknu rekstursfé að halda og hafi arfur hans gengið til þess. Á árinu 1943 afsalaði varnaraðili 2 íbúðum í húsinu Hafnarstræti 66, en hélt eftir einni íbúð fyrir fjölskyldu sína. Var önnur þessara íbúða seld á kr. 15.000.00, en hin á kr. 16.500.00. Árið 1952 brann allt húsið og fékk varnaraðili þá greiddar kr. 241 þús. í brunabætur fyrir þeirra hluta hússins, sbr. dskj. nr. 11, og kr. 20.000.00 fyrir lóðina. Í þessum bruna eyðilagðist einnig mikið af innbúi þeirra hjóna og fengu þau greiddar kr. 35.000.00 fyrir það. Haustið 1952 festu þau kaup á 3 herbergja íbúð í Skipagötu 1, hér í bæ, fyrir kr. 147.500.00, dskj. nr. 12, á nafni varnaraðilja, enda kveður varnaraðili íbúðina hafa eingöngu verið keypta fyrir hennar fé, það er brunabætur fyrir Hafnarstræti 66, og hafi allt kaupverðið verið greitt, að undanskildum kr. 15.850.00, sem hvíldu á húseigninni. Húseign þessa eiga þau enn. Varnaraðili byggir mótmæli sín gegn því, að húseignin tilheyri félagsbúi þeirra þeim rökum, að hún sé þinglýstur eigandi hennar og sé það beinlínis af því, að húsið sé hennar séreign, enda hafi sama gilt um húsið, er þau áttu á undan, og sama hafi gilt um jörðina Eskiholt, þótt hún væri skráð á nafn Péturs heitins. Kveður varnaraðili sig hafa eignast allar fasteignirnar fyrir erfðafé sitt, sem verið hafi séreign hennar samkvæmt kaupmála. Hins vegar telur hún mann sinn ekkert hafa lagt til kaupanna, þar sem hann hafi verið með öllu eignalaus. Einnig hefur varnaraðili stutt kröfu sína við það, að maður hennar hafi a. m. k. sum árin getið þess á framtalsskýrslum sínum, að húsið væri hennar séreign og eitt árið 1935 hafi hún talið sjálf fram fyrir sig og þá talið húseignina fram sem sína séreign, enda hafi Pétur heitinn þá ekki talið húseignina fram, sbr. dskj. nr. 32 og 33. Einnig hefur varnaraðili fært það fram, að maður hennar hafi jafnan látið nokkra fjárupphæð ganga til hennar í húsaleigu, sem nægt hafi til þess, að hún gæti staðið undir skuldbindingum sínum vegna húsanna.

Umboðsmaður sóknaraðilja hefur haldið því fram, að það sé ósannað með öllu, að fasteignirnar séu eða hafi verið séreign varnaraðilja. Hann telur, að það skeri þannig ekki að neinu leyti úr um þetta, þótt húseignin sé þinglýst á nafn sóknaraðilja. Telur hann, að þótt varnaraðili kunni að hafa sett séreignarfé sitt í kaupin á Eskiholti á sínum tíma, þá hafi því ekki verið haldið nægilega aðgreindu til að það gæti verið séreign áfram, þar sem jarðarinnar

hafi eigi verið getið sem séreignar hennar í kaupmála né hún þinglýst á hennar nafni. Ekki telur hann heldur, að það geti neitt skorið úr, þótt Pétur heitinn hafi sum árin talið húsið séreign konunnar í framtali sínu, enda hafi hann ekki gert það mörg undanfarin ár. Ekki telur hann heldur, að það stoði varnaraðilja neitt í þessu efni, þótt maður hennar kunni að hafa látið henni í té eitthvert fé sem húsaleigu, vegna þess að engin stoð sé fyrir því, að arður af fasteignunum hafi átt að verða séreign konunnar.

Það verður að teljast líklegt, að skýrsla varnaraðilja um tillag hennar til fasteignakaupa upphaflega sé rétt með tilliti til þess, sem upplýst er um fjárhag þeirra hjóna hvors um sig, og er sú skýrsla að nokkru studd með því að kaupandi jarðarinnar gefur út til hennar skuldabréf í sambandi við söluna, en þar sem jarðarinnar er eigi getið í kaupmála milli hjónanna og jörðin eigi þinglýst eign varnaraðilja, verður eigi litið svo á gegn eindregnum andmælum gagnaðilja, að fasteign þessi hafi verið séreign varnaraðilja. Um húseignirnar á Akureyri er þetta að segja: Þær hafa báðar verið þinglýstar á nafn varnaraðilja, eins og áður greinir, en þeirra hefur aldrei verið getið í kaupmála. Lögð hafa verið fram í málinu skattframtöl Péturs H. Lárussonar frá 1931, en á því tímabili hefur Pétur heitinn talið fram 12 sinnum, að því er virðist. Á framtölunum 1934, 1936 og 1937 og 1946 er húsið talið séreign varnaraðilja. 1935 telja þau hjónin fram hvort í sínu lagi, eins og áður greinir. Eftir 1946 virðist Pétur heitinn hafa talið fram fimm sinnum, en ekki er þá getið séreignar konunnar, en þess skal getið, að 1954 og síðan hefur enginn liður verið á eyðublöðum fyrir skattframtöl fyrir séreign konu. Þar sem framtölin eru svo mjög á reiki um þetta efni og húseignin er eigi tilgreind í kaupmála og varnaraðilja hefur eigi tekizt að sanna nægilega, að húseignin hafi verið keypt fyrir hennar séreignarfé, telur rétturinn, að varnaraðilja hafi ekki tekizt að færa nægilega sönnur á, að nefnd húseign sé hennar séreign og verður því að líta svo á, að hún hafi verið sameign þeirra hjóna og beri því að skrifa hana upp sem eign dánarbús Péturs H. Lárussonar.

Að því er innanstokksmunina snertir, hefur varnaraðili fyrst og fremst byggt kröfur sínar á efni kaupmálans, sbr. að framan. Þá hefur hún skýrt svo frá, að þegar hún gekk í hjónaband hafi móðir hennar gefið henni húsgögn í 3 herbergi og yfirleitt allan búnað til heimilisstofnunar og síðan hafi sárafáir munir komið inn á heimili þeirra fyrr en eftir brunann í Hafnarstræti 66, en þar hafi tvisvar skemmzt af bruna og hafi váttryggingarféð verið

notað til að endurnýja innbúið. Skýrsla varnaraðilja um framan- greinda gjöf móður hennar er studd af vottorði Hallgríms Tulinius- ar. Einnig byggir hún kröfu sína í þessu efni á því, að á framtölum þeirra hafi innbúið þrásinnis verið tilgreint sem séreign konunnar, en svo hefur jafnan verið gert, þar sem svo hefur verið með hús- ið, sbr. að framan.

Sóknaraðili hefur einkum byggt kröfu sína um, að húsmunir verði teknir undir skiptin, á því, að orðalag kaupmálans sé svo óljóst, að því er þetta atriði snertir, enda sé engin skrá til yfir munina og hafi aldrei verið til. Gerði hann þá varakröfu, að krafa varnaraðilja yrði aðeins tekin til greina þannig, að undanskilin frá búskiptunum yrðu húsgögn fyrir kr. 15 þúsund.

Eins og áður greinir, nefnir kaupmálinn öll innanhúsgögn, er þau eiga og kunna að eignast. Telja verður, að hægt sé að leggja þá skýrslu varnaraðilja til grundvallar, sem studd er af vottorði Hallgríms Tuliniusar, að móðir hennar hafi gefið henni innbú það, er að framan greinir.

Einnig þykir mega byggja á því, að brunabætur fyrir eyðilögð húsgögn af bruna hafi gengið til endurnýjunar á húsmunum þeirra hjóna, enda er upplýst, að allmiklar fjárhæðir hafa verið greiddar af þessum sökum frá viðkomandi tryggingarfélagum, sbr. dskj. nr. 27 og 29. Þykir með tilvísun til þess, sem nú er sagt, og að hér koma lög nr. 3/1900 fyrst og fremst til greina svo og þess, sem upplýst er um núverandi eign þeirra í innanstokksmunum, mega fallast á þá kröfu varnaraðilja, að húsgöng þau, er til- heyra heimili hennar, skuli teljast séreign hennar og eigi því ekki að skrifa þau upp með búi Péturs heitins. Þykir það ekki geta hnekkst þessari niðurstöðu, þótt innbúið hafi verið þar til á s.l. vori vátryggt á nafni Péturs heitins.

Kröfu sína um, að bókasafnið teljist séreign hennar, byggir varnaraðili á sömu rökum og innbúið, með því að hún telur það felast í orðinu innanhúsgögn, enda hafi alltaf verið litið svo á, að hún ætti safnið. Þá hefur hún haldið því fram, að bækurnar hafi eingöngu verið keyptar fyrir hennar fé.

Sóknaraðili hefur haldið því fram, að það væri andstætt mál- venju að telja, að bækur geti fallið undir orðalagið „innanhús- gögn“, enda mætti upplýst telja, að Pétur heitinn hefði aðallega keypt bækurnar, enda væri með öllu ósannað, að bækurnar væru keyptar fyrir séreignarfé varnaraðilja. Einnig hefur hann haldið því fram, að nokkuð af bókunum hefðu þau eignast í arf eftir föður Péturs heitins, Lárus H. Bjarnason hæstaréttardómara, og

hefur stuðzt þar við dskj. nr. 43. Fallast má á þá skoðun sóknar-aðilja, að bækur falli ekki undir orðalagið „innanhúsgögn“ í kaupmálanum, enda má telja líkur fyrir, að minnst af bókunum hafi verið í eigu þeirra hjóna, þegar kaupmálinn var gerður, og þar sem eigi verður talið, að varnaraðili hafi fært nægilegar sönnur á það, að hún hafi lagt fram fé af sinni séreign til kaupa á bókunum, verður ekki fallizt á þá skoðun hennar, að bókasafnið sé séreign hennar, og ber að skrifa það upp með búinu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Allir húsmunir í búi Péturs heitins Lárussonar og Sigurlaugar Lárusdóttur skuli teljast séreign konunnar og óviðkomandi dánarbúi Péturs heitins. Bókasafn tilheyrandi Pétri heitnum H. Lárussyni og konu hans ber að taka undir skiptin. Íbúðin í Skipagötu 1, þinglesin á nafni Sigurlaugar Lárusdóttur, telst hafa verið sameign hjónanna og ber að taka hana undir búskiptin.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 6. júní 1958.

Nr. 136/1957. **Síldarverksmiðjur ríkisins**

(Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

Jóhanni Braga Friðbjarnarsyni

(Jón N. Sigurðsson hrl.). **og gagnsök.**

Dómsmenn:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. september 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. ágúst s. á. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti